158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingar á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980 (viðurlög við brotum gegn lágmarkskjörum o.fl.)

Frá félags- og húsnæðismálaráðherra.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 3. gr., svohljóðandi:

Atvinnurekandi á almennum vinnumarkaði sem greiðir launamanni undir lágmarkskjörum kjarasamnings, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal greiða launamanni sérstakt févíti, geri launamaður kröfu um slíkt nema réttlætanlegar ástæður hafi verið fyrir hendi.

Févíti skv. 1. mgr. skal nema allt að 25% af höfuðstól gjaldfallinnar kröfu launamanns. Þrátt fyrir framangreint skal févíti skv. 1. mgr. nema allt að 75% af höfuðstól gjaldfallinnar kröfu ef atvinnurekandi greiðir launamanni undir lágmarkskjörum kjarasamnings skv. 1. mgr. 1. gr. af ásetningi.

Févíti skv. 1. málsl 2. mgr. fellur niður ef atvinnurekandi greiðir launamanni vangoldin lágmarkskjör að fullu innan 18 daga frá því að honum barst skrifleg og rökstudd krafa launamanns eða stéttarfélags hans.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 4. gr., svohljóðandi:

Hafi atvinnurekandi greitt launamanni undir lágmarkskjörum kjarasamnings, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal krafa launamanns um leiðréttingu ekki falla niður fyrir tómlæti en fyrnast samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

1. Inngangur.

Þann 3. mars 2026 var kynnt stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda til að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Stefnan og aðgerðaáætlunin var unnin af samstarfsnefnd stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði sem skipuð hefur verið á grundvelli 8. gr. a laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980. Meginmarkmið stefnunnar hvað varðar forvarnir og viðurlög er að forvarnir gegn brotum á vinnumarkaði byggist á skilvirku eftirliti, fræðslu og samstarfi og að viðurlögum við brotum á vinnumarkaði sé beitt í takt við umfang, alvarleika og endurtekningu og hafi jafnframt fælingarmátt. Meðal aðgerða til að ná framangreindu markmiði um aukna skilvirkni í beitingu viðurlaga við brotum á vinnumarkaði

DRÖG

var að í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins yrði könnuð nauðsyn þess að lögfesta viðurlög vegna brota á lágmarkskjörum launafólks.

Greiningar Alþýðusambands Íslands á launakröfum aðildarfélaga sambandsins fyrir hönd félagsmanna sinna benda til þess að brot gegn lágmarkskjörum kjarasamninga séu viðvarandi vandamál á íslenskum vinnumarkaði. Mikilvægt þykir að fyrirbyggja öll brot á vinnumarkaði, meðal annars brot gegn lágmarkskjörum kjarasamninga, og að brugðist sé við brotum með skilvirkri beitingu viðurlaga. Ætla má að með slíku verklagi sé stuðlað að því að brotastarfsemi á vinnumarkaði veiti þeim sem slík brot fremja ekki forskot í samkeppni við önnur fyrirtæki þar sem slík brot eru ekki framin, auk þess sem skilvirk beiting viðurlaga þykir hafa fælingarmátt.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Þann 8. október 2026 var undirrituð sameiginleg yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Samhliða undirritun yfirlýsingarinnar kynnti ríkisstjórnin margvíslegar aðgerðir til stuðnings kjarasamningum sem hafa það meðal annars að markmiði að stuðla að efnahagslegum og félagslegum stöðugleika, tryggja uppbyggingu hagkvæms húsnæðis, tryggja réttarbætur fyrir launafólk og leigjendur og létta byrðar af atvinnulífinu. Meðal þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin kynnti að ráðist yrði í voru eftirfarandi aðgerðir:

Lagt verður fram frumvarp eigi síðar en á vorþingi 2027 sem felur í sér viðurlög við brotum á lágmarkskjörum launafólks samkvæmt kjarasamningi. Með lágmarkskjörum kjarasamninga er átt við öll þau laun og starfskjör sem hverjum starfsmanni ber samkvæmt þeim kjarasamningi sem um starf hans gildir, meðal annars á grundvelli starfs, starfsaldurs, starfsreynslu, vinnutíma og vinnufyrirkomulags. Frumvarpið markar kaflaskil í baráttunni gegn félagslegum undirboðum hér á landi með því að kveða á um einstaklingsbundinn rétt til févítis á vangreidd lágmarkskjör. Breytingin muni sérstaklega styrkja stöðu viðkvæmra hópa á vinnumarkaði og um leið stuðla að heilbrigðara samkeppnisumhverfi fyrirtækja.

Lagt verður fram frumvarp eigi síðar en á vorþingi 2027 sem felur í sér að lágmarkskjör launafólks á íslenskum vinnumarkaði falli ekki niður vegna tómlætis. Með lágmarkskjörum kjarasamninga er átt við öll þau laun og starfskjör sem hverjum starfsmanni ber samkvæmt þeim kjarasamningi sem um starf hans gildir, meðal annars á grundvelli starfs, starfsaldurs, starfsreynslu, vinnutíma og vinnufyrirkomulags.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, í samræmi við fyrrgreindar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

3.1. Lagt er til að lögfest verði skylda atvinnurekanda á almennum vinnumarkaði til að greiða launamanni sérstakt févíti vegna brota á lágmarkskjörum kjarasamninga geri launamaður kröfu um slíkt, enda séu hvorki fyrir hendi réttlætanlegar ástæður fyrir vangreiðslunni né um að ræða leiðréttingu af hálfu hlutaðeigandi atvinnurekanda innan 18 daga frá því að honum berst skrifleg og rökstudd krafa launamanns eða stéttarfélags hans.

3.2. Lagt er til að kröfur launamanna vegna leiðréttinga í þeim tilvikum þegar laun eða önnur starfskjör hafa ekki verið greidd í samræmi við kjarasamninga falli ekki niður fyrir tómlæti en fyrnist þess í stað samkvæmt almennum reglum um fyrningu.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarps þessa þykir hvorki gefa tilefni til sérstakrar umfjöllunar um samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, né alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

5. Samráð. [Í vinnslu]

6. Mat á áhrifum.

Efni frumvarps þessa snertir fyrst og fremst launafólk og atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði en það kann að hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir fyrrnefnda atvinnurekendur í einhverjum tilvikum vegna greiðslu févítis til launamanns. Þá má gera ráð fyrir að ágreiningsmálum milli atvinnurekenda og launafólks kunni að fjölga þar sem launafólki og stéttarfélögum verður heimilt að gera kröfu um að atvinnurekandi á almennum vinnumarkaði greiði launamanni févíti þegar launagreiðslur atvinnurekanda til viðkomandi launamanns hafa að þeirra mati ekki verið í samræmi við lágmarkskjör kjarasamninga sem gilda um starf viðkomandi launamanns.

Með lögfestingu viðurlaga gegn brotum á lágmarkskjörum kjarasamninga má þó ætla að samkeppnisstaða fyrirtækja sem almennt greiða laun í samræmi við kjarasamninga styrkist frá því sem nú er gagnvart fyrirtækjum sem virða ekki lágmarkskjör kjarasamninga við greiðslu launa. Jafnframt má ætla að lögfesting frumvarpsins muni almennt hafa jákvæð áhrif á launafólk á almennum vinnumarkaði sem mun eiga einstaklingsbundinn rétt til févítis sé um vangreiðslur atvinnurekanda að ræða miðað við lágmarkskjör hlutaðeigandi kjarasamnings auk þess sem ætla má að slíkum brotum muni almennt fara fækkandi verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Ekki verður séð að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér muni hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði þar sem þeim er ætlað að gilda um alla launamenn, óháð kyni. Þá benda greiningar Alþýðusambands Íslands á launakröfum aðildarfélaga sambandsins fyrir hönd félagsmanna ekki til þess að marktækur munur sé á fjölda krafna sem gerðar eru eftir kyni þeirra einstaklinga sem kröfurnar eiga.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi fjárhagsáhrif á ríkissjóð eða sveitarfélög, enda ekki gert ráð fyrir að unnt verði að beina kröfum um févíti að ríki eða sveitarfélögum. Þá er ekki gert ráð fyrir að kröfur um févíti njóti ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa, enda eru slíkar kröfur ekki kröfur um vinnulaun í skilningi laga um Ábyrgðasjóð launa auk þess sem gengið er út frá því að kröfur um févíti verði ekki viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 112. gr. gildandi laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að við lögin verði bætt nýrri grein, 3. gr., þar sem kveðið verði á um að atvinnurekandi á almennum vinnumarkaði sem brjóti gegn lágmarkskjörum launamanns, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna, skuli greiða viðkomandi launamanni sérstakt févíti vegna brotsins, geri launamaður kröfu um slíkt nema réttlætanlegar ástæður hafi verið fyrir hendi. Er þannig gert ráð fyrir að hver sá sem telur sig ekki hafa fengið greitt í samræmi við lágmarkskjör kjarasamninga á almennum vinnumarkaði geti, eftir atvikum með aðstoð síns stéttarfélags,

krafið hlutaðeigandi atvinnurekanda um sérstakt févíti vegna vangreiðslunnar til viðbótar við greiðslu vangoldinna launa, vaxta og eftir atvikum skaðabóta samkvæmt almennum reglum. Er gert ráð fyrir að þetta eigi við um hvers konar greiðslur undir þeim lágmarkskjörum sem starfsmanni ber samkvæmt þeim kjarasamningi sem um starf hans gildir, meðal annars í tengslum við starfsaldur, starfsreynslu, vinnutíma og vinnufyrirkomulag.

Er þannig gert ráð fyrir að um sé að ræða viðurlög í formi einkaréttarlegs févítis í þeim tilvikum þegar atvinnurekandi á almennum vinnumarkaði greiðir undir lágmarkskjörum kjarasamninga. Ekki er þó gert ráð fyrir að atvinnurekanda beri að greiða sérstakt févíti hafi réttlætanlegar ástæður verið fyrir því að greiðsla til launamanns hafi verið undir lágmarkskjörum hlutaðeigandi kjarasamnings. Með réttlætanlegum ástæðum er í þessu sambandi meðal annars átt við tilvik þar sem réttmætur ágreiningur hefur verið uppi um hver lágmarkskjör einstaklings skuli vera hverju sinni. Gengið er út frá því að slíkur ágreiningur geti talist til réttlætanlegra ástæðna í skilningi ákvæðisins þannig að atvinnurekanda verði ekki gert að greiða sérstakt févíti í þeim tilvikum þegar réttmætur ágreiningur er uppi milli atvinnurekanda og launamanns, jafnvel þótt niðurstaðan verði síðar sú að um vangreiðslu af hálfu atvinnurekanda hafi verið að ræða.

Er þannig lagt til að tilgangur og markmið févítis verði tvíþætt. Í fyrsta lagi að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og að koma í veg fyrir að brotið sé gegn ákvæðum kjarasamninga með kerfisbundnum hætti. Þykir því mikilvægt að ítrasta meðalhófs sé gætt í tengslum við kröfur um févíti og er því ekki gengið út frá því að launamenn og/eða stéttarfélög fyrir þeirra hönd geri kröfu um févíti í öllum tilvikum þegar launagreiðslur eru undir lágmarkskjörum kjarasamninga, sbr. framangreindar undanþágur sem gert er ráð fyrir að verði kveðið á um í lögunum. Þá er aðeins gert ráð fyrir að ákvæðið eigi við á almennum vinnumarkaði þar sem almennt er gengið út frá því að launagreiðslur frá opinberum launagreiðendum séu í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni. Er þannig ekki gert ráð fyrir að ákvæðið eigi við þegar ágreiningur er uppi um hvort greitt hafi verið í samræmi við kjarasamninga sem gerðir eru á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986. Er þetta lagt til þar sem ætla má að opinberir starfsmenn búi almennt við víðtækari réttarvernd hvað varðar launagreiðslur en starfsfólk á almennum vinnumarkaði auk þess sem að hjá hinu opinbera gilda málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga. Þá er ekki sama áhætta á greiðsluerfiðleikum eða gjaldþroti vinnuveitenda opinberra starfsmanna og ætla má að geti verið til staðar hjá vinnuveitendum starfsfólks á almennum vinnumarkaði. Þá má geta þess að umboðsmaður Alþingis fer með eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Í öðru lagi er lagt til að tilgangur og markmið févítis verði að bæta launamanni það ófjárhagslega tjón sem kann að leiða af vangreiðslu atvinnurekanda en ljóst þykir að launamenn geti orðið fyrir ýmsum neikvæðum afleiðingum fái þeir ekki greidd rétt laun á réttum tíma. Þykir því mikilvægt að févíti renni til launamannsins og er gengið út frá því að greiðsla þess sé staðgreiðsluskyld samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ekki er þó gert ráð fyrir að greiða skuli tryggingagjald af févíti, enda ekki um að ræða þóknun til launmanns fyrir unnin störf. Gert er ráð fyrir að í 2. mgr. greinarinnar verði kveðið á um fjárhæðir févítis og er lagt til að févíti skv. 1. mgr. greinarinnar skuli nema allt að 25% af höfuðstól gjaldfallinnar kröfu hverju sinni. Þá er gert ráð fyrir að hafi atvinnurekandi af ásetningi greitt laun undir lágmarkskjörum kjarasamnings skuli févíti nema allt að 75% af höfuðstól gjaldfallinnar kröfu. Þannig þykir mikilvægt að sérstök viðurlög gildi í þeim tilvikum þegar atvinnurekandi af ásetningi greiðir laun undir lágmarkskjörum kjarasamnings. Ekki er gert ráð fyrir að kveðið verði á um eina tiltekna prósentu af höfuðstól gjaldfallinnar kröfu í öllum tilvikum. Í stað þess er lagt til að heimilt verði að ákveða fjárhæð févítis með hliðsjón af öllum atvikum máls hverju

sinni, þó þannig að févíti nemi almennt að hámarki 25% af höfuðstól gjaldfallinnar kröfu en 75% af höfuðstól gjaldfallinnar kröfu hafi atvinnurekandi af ásetningi greitt laun undir lágmarkskjörum kjarasamnings. Við ákvörðun févítis er gengið út frá því að einkum sé litið til fjárhæðar hinnar vangoldnu kröfu, alvarleikastigs brots, sakar atvinnurekanda, hvort brot hafi verið ítrekað eða kerfisbundin, hversu lengi brot hafi staðið yfir, fjölda launamanna sem brot hefur tekið til og viðbragða atvinnurekanda eftir að athugasemd var gerð.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að almennt févíti skv. 1. málsl. 2. mgr. skuli falla niður ef atvinnurekandi leiðréttir vangreiðslu að fullu innan 18 daga frá því að honum barst skrifleg og rökstudd krafa launamanns eða stéttarfélags hans um leiðréttingu. Er þannig gert ráð fyrir að heimilt verði að jafnaði að leggja á févíti samhliða kröfu um vangoldin laun þegar launagreiðslur eru ekki í samræmi við ákvæði kjarasamninga, nema réttlætanlegar ástæður séu fyrir hendi sbr. framangreint, en að atvinnurekandi geti komist hjá greiðslu févítis ef hann leiðréttir vangreiðslu innan hæfilegs frests. Mikilvægt þykir að atvinnurekanda sé veitt nokkuð svigrúm til að meta fram komnar kröfur í tengslum við framkvæmd kjarasamninga. Í því sambandi þykir jafnframt mikilvægt að kröfu um vangoldin laun og févíti fylgi fullnægjandi skriflegur rökstuðningur þannig að nægilega skýrt sé hvers krafist er og fyrir hvaða tímabil. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að 18 daga frestur frá því að skrifleg og nægilega rökstudd krafa berst atvinnurekanda sé hæfilegur frestur til að taka afstöðu til kröfu og til úrbóta í þeim tilvikum þegar mat atvinnurekanda er að fram komin krafa sé réttmæt. Þrátt fyrir að atvinnurekandi leiðrétti vangreiðslu að fullu innan 18 daga er þó ekki gert ráð fyrir að févíti falli niður í þeim tilvikum þegar atvinnurekandinn hefur af ásetningi greitt launamanni undir lágmarkskjörum kjarasamnings.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að við lögin verði bætt nýrri grein, 4. gr., þar sem kveðið verði á um að í þeim tilvikum þar sem atvinnurekandi hefur greitt launamanni undir lágmarkskjörum kjarasamnings, sbr. 1. gr. laganna, skuli krafa launamanns um leiðréttingu ekki falla niður fyrir tómlæti en fyrnast þess í stað samkvæmt almennum reglum um fyrningu.

Samið var um áhrif tómlætis í hluta kjarasamninga á almennum vinnumarkaði árið 2024 en hér er um að ræða nýmæli í lögum. Í framkvæmd hafa komið upp tilvik þar sem starfsfólk hefur orðið af kjarasamningsbundnum réttindum vegna tómlætis. Má í því sambandi nefna dóm Hæstaréttar frá 3. desember 2018 í máli nr. 31/2018 þar sem dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að starfsmaður hafi fyrir sakir tómlætis fyrirgert rétti sínum til að hafa uppi kröfu sína á hendur atvinnurekanda vegna kjara sem ekki höfðu verið í samræmi við kjarasamning. Mikilvægt þykir að skýrt sé kveðið á um í lögum að kröfur launafólks um leiðréttingu í slíkum tilfellum falli ekki niður fyrir tómlæti. Á það ekki síst við í ljósi þeirrar grundvallarreglu á innlendum vinnumarkaði að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skuli vera ógildir, sbr. 1. gr. laganna sem og 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938. Þrátt fyrir framangreint er þó gert ráð fyrir að slíkar kröfur fyrnist samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.